

ATVINNUMÁLASTEUFNA UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU 2023-2027



BLÁSKÓGABYGGÐ



**GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR**



**HRUNAMANNA-
HREPPUR**



**SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR**



FORSENDUR


Uppsveitir Árnessýslu nefnist svæðið frá Þingvöllum að Þjórsá og spannar það fjögur sveitarfélög, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Löng hefð er fyrir samstarfi sveitarfélaganna í ýmsum málaflokkum og nú við mótun sameiginlegrar atvinnumálastefnu Uppsveitanna. Hvert sveitarfélag hefur sína sérstöðu, en stefnan tekur til atvinnulífs á svæðinu í heild. Uppsveitirnar eru eitt stórt atvinnu- og búsetusvæði og sveitarfélögin hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í málaflokknum. Algengt er að íbúar eigi lögheimili í einu sveitarfélagi en starfi í öðru. Atvinnumálastefnan tekur mið af Sóknaráætlun Suðurlands og tölulegum upplýsingum frá SASS sem tengjast atvinnumálum á svæðinu.

Stærstu atvinnugreinar Uppsveitanna eru hefðbundinn landbúnaður, garðyrkja og ferðaþjónusta auk þess sem ýmis afleidd störf verða til í kringum þessar greinar. Mál manna er að auka þurfi enn frekar fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu.


Eigandi og ábyrgðaraðili atvinnumálastefnunnar eru sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum Árnessýslu. Lagt er til að sameiginlegur byggðapróunarfulltrúi sveitarfélaganna annist árlegt stöðumat.

FERLIÐ





SAMFÉLAG OG ATVINNULÍF

ÍBÚAFJÖLDI




HELSTU ATVINNUVEGIR



ATVINNUTEKJUR

- vegið meðaltal einstaklinga í þús.kr.



SVÓT GREINING

S

Styrkleikar

- Náttúra
- Orka
- Matvælaframleiðsla
- Ferðapjónusta
- Gott samfélag
- Friðsæld
- Kyrrð

V

Veikleikar

- Innviðir
- Samgöngur
- Takmörkuð þjónusta

Ó

Ógnanir

- Fábreytt atvinnulíf
- Skortur á vinnuafli
- Skortur á húsnæði

T

Tækifæri

- Nýsköpun
- Orkunýting
- Fjarvinna
- Menntun
- Fjölbreytni í atvinnulífi
- Sjálfbærni
- Nýir íbúar

FRAMTÍÐARSÝN




Uppsveitir er eftirsóttur og fjölskylduvænn staður til búsetu



Uppsveitir er þekkt fyrir að vera matarkista Suðurlands




Í Uppsveitum knýr orkuframleiðsla fjölbreytt störf framtíðarinnar




Uppsveitir þar sem landbúnaður og ferðapjónusta taka sameiginlega á móti þér

MARKMIÐ

- 1** Auka fjölbreytileika starfa
- 2** Fjölga óstaðbundnum störfum
- 3** Auka fullvinnslu og sölu matvæla í héraði
- 4** Að orkan sé í auknum mæli nýtt inni á svæðinu
- 5** Fjölga nýsköpunarverkefnum
- 6** Tryggja nægt framboð lóða
- 7** Auka dvalartíma ferðamanna



ÁHERSLUR



1	ÞÁTTTAKA ALLRA Tryggja þátttöku allra í samfélögunum óháð uppruna	2	UPPBYGGING INNVIÐA Að uppbygging innviða styðji við þarfir íbúa og fyrirtækja	3	NÝIR ÍBÚAR Laða að nýja íbúa sem taki þátt í atvinnuuppbyggingu	4	HÚSNÆÐI Húsnæði fyrir alla
5	LISTIR OG MENNING Listir og menning verði í auknum mæli nýtt til atvinnusköpunar	6	FÉLAGSAUÐUR Efla og styrkja félagsauð samfélaganna	7	ÓSTAÐBUNDIN STÖRF Koma upp aðstöðu fyrir óstaðbundin störf dreift um svæðið	8	FRUMKVÖÐLAR Efla stuðning við frumkvöðla og sprotafyrirtæki
9	ÓLÍK BYGGÐARLÖG Efla hvorutveggja uppbyggingu byggðakjarna og búsetu til sveita	10	NÚVERANDI REKSTUR Styðja við núverandi rekstur á svæðinu og möguleika hans til frampróunar	11	SJÁLFBÆRNI Að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í atvinnusköpun til framtíðar	12	SAMGÖNGUR Bættar samgöngur



AÐGERÐIR

1 KYNNINGARÁÆTLUN

2 FRAMBOÐ LÓÐA

3 HÚSNÆÐISÁÆTLUN

4 FYRSTA HÚSNÆÐI

5 MÓTTÖKUÁÆTLUN

6 ORKUPÖRF

7 RAFORKUKOSTNAÐUR

8 NÝSKÖPUNARSTUÐNINGUR

9 ÓSTAÐBUNDIN STÖRF

10 MENNTUN & AÐSTAÐA

11 ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ

12 SKAPANDI GREINAR

13 ALMENNINGSSAMGÖNGUR

14 MATVÆLAREGLUGERÐIR

15 MATVÆLASTUÐNINGUR

1 KYNNINGARÁÆTLUN



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Unnið verður að kynningaráætlun fyrir svæðið og henni framfylgt til eflingar á ímynd Uppsveita.

- Orkan sé í auknum mæli nýtt inni á svæðinu (M.4)
- Fjölga nýsköpunarverkefnum (M.5)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Og fleira, fer eftir áherslum í kynningaráætlun

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar og byggðapróunarfulltrúi

Gerð kynningaráætlunar lokið 1.4.2024

2 FRAMBOÐ LÓÐA

Kortlagning og kynning á framboði lóða.
Upplýsingum og kynningu á framboði verði komið í reglubundinn farveg.

- Tryggja nægt framboð lóða (M.6)
- Húsnæði (Á.4)
- Ólík byggðarlög (Á.9)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðili skipulagsfulltrúi

Kortlagningu og kynningu lokið 1.7.2024
Upplýsingar og kynning komið í farveg 2024

3 HÚSNÆÐISÁÆTLUN

Sameiginleg kynning á húsnæðisáætlunum sveitarfélaganna gagnvart íbúum og mögulegum framkvæmdaraðilum.

- Húsnæði (A4)
- Uppbygging innviða (Á2)

Sveitarstjórnir og sveitarstjórar
Samstarfsaðili skipulagsfulltrúi

Kynningu verði lokið 1.9.2024

4 FYRSTA HÚSNÆÐI



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Auka framboð af fyrsta húsnæði fyrir þá sem vilja flytja á svæðið, með gerð sameiginlegrar áætlunar.

- Húsnæði (Á.4)
- Nýir íbúar (Á.3)

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar
Samstarfsaðili skipulagsfulltrúi

Tillögugerð að sameiginlegri húsnæðisáætlun lokið fyrir 1.9.2024

5 MÓTTÖKUÁÆTLUN

Samstarfsverkefni komið á um móttöku nýrra íbúa. Stofnaður vinnuhópur sem annast gerð sameiginlegrar móttökuáætlunar.

- Nýir íbúar (A3)
- Uppbygging innviða (Á.2)
- Þátttaka allra (Á.1)

Sveitarstjórnir, byggðapróunarfulltrúi
og sérstakur vinnuhópur

Tillögugerð að móttökuáætlun lokið fyrir 31.12.2024

6 ORKUÞÖRF

Gera áætlun um framtíðarþörf á heitu og köldu vatni og rafmagni og leggja fram áætlun um úrbætur. Greina núverandi framboð og gera upplýsingarnar aðgengilegar gagnvart atvinnulífinu.

- Að orkan sé í auknum mæli nýtt inni á svæðinu (M.4)
- Fjölga nýsköpunarverkefnum (M.5)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Uppbygging innviða (Á.2)

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar og
byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar veitur

Orkuþörf hafi verið metin fyrir lok árs 2023
Sífelluverkefni að tryggja orku miðað við þarfir og
uppbyggingu, 2023-2027

7

RAFORKUKOSTNAÐUR



VERKEFNI

MARKMIÐ &
ÁHERSLUR

ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Styðja við hagsmunabaráttu garðyrkjunnar og fyrirtækja í iðnaði varðandi raforkuverð. Þrýsta á um jöfnun á flutningskostnaði.

- Að orka verði í auknum mæli nýtt inni á svæðinu (M.4)
- Núverandi rekstur (Á.10)

Sveitarstjórnir

Þrýsta á stjórnvöld, sífelluverkefni 2023-2027

8

NÝSKÖPUNARSTUÐNINGUR

Efla stuðning við nýsköpun á svæðinu með ráðgjöf, fræðslu og upplýsingamiðlun. Sérstök áhersla á nýsköpunarstarf barna og ungmenna með samstarfi við skólakerfið.

- Auka fjölbreytileika starfa (M.1)
- Fjölga nýsköpunarverkefnum (M.5)
- Núverandi rekstur (Á.10)

Byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar skólar og fræðslunefndir
stoðkerfi/byggðasamlög

Stoðkerfið kortlagt fyrir 31.12.2023 og upplýsingar um stoðkerfi innleiddar í kynningaráætlun. Samstarfsfundur haldinn með grunnskólum fyrir 31.5.2024 um möguleg samstarfsverkefni.

9

ÓSTAÐBUNDIN STÖRF

Fjölga óstaðbundnum störfum með bættri aðstöðu, kortlagningu og kynningu á mismunandi aðstöðu á svæðinu.

- Fjölga óstaðbundnum störfum (M.2)
- Auka fjölbreytileika starfa (M.1)

Sveitarstjórnir, sveitarstjórar og byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar atvinnumálanefndir

Kortlagningu á aðstöðu lokið 1.3.2024
Gera stöðumat og kynna fyrir lok árs 2024

10 MENNTUN & AÐSTAÐA



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Framkvæmdaraðilum falið að skila greinargerð um stöðumat og tillögur til að auka aðgengi og aðstöðu til menntunar, fjarnáms, símenntunar og íslenskunáms á svæðinu.

- Páttaka allra (Á.1)
- Nýir íbúar (Á.3)
- Félagsauður (Á.6)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar skólar, fræðslunefndir,
byggðasamlög/stoðkerfi

Parfaggreining og möguleikar metnir fyrir 31.12.2024

11 ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ

Efla samstarf og upplýsingamiðlun milli fyrirtækja og hagaðila á svæðinu um vöruþróun og þjónustuframboð allt árið.

- Auka dvalartíma ferðamanna (M.7)
- Sjálfbærni (Á.11)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Efla nýsköpunarhugsun (M.5)

Byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar: atvinnumálanefndir, fyrirtæki og
hagaðilar

Efnt til samráðsfunda að hausti, hvert ár 2023-2027

12 SKAPANDI GREINAR

Kortleggja aðstöðu til listsköpunar og á sviði skapandi greina. Gera aðstöðuna aðgengilega og kynna. Skoða breytingar á hlutverki bókasafna í því samhengi. Efla samstarf við Listasafn Árnesinga.

- Listir og menning (Á.5)
- Félagsauður (Á.6)
- Efla nýsköpunarhugsun (M.5)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar menningarmálanefndir

Kortlagning og kynning fyrir árslok 2024
2023-2027: Viðburðir, samstarf

13 ALMENNINGSSAMGÖNGUR



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Vinna að þarfagreiningu og tillögum til úrbóta til aukinna og bættra almenningssamgangna. Nýsköpun í almenningssamgöngum innan svæðis.

- Uppbygging innviða (Á.2)
- Samgöngur (Á.12)
- Frumkvöðlar (Á.8)

Sveitarstjórnir og byggðapróunarfulltrúi

Þarfagreining og tillögur að úrbótum tilbúið fyrir 1.4.2025

14 MATVÆLAREGLUGERÐIR

Einfalda reglugerð um matvælaframleiðslu í héraði og hrinda úr vegi hindrunum fyrir nýja framleiðendur. Unnið verði að stuðningi við hagsmunabaráttu hagaðila.

- Auka fullvinnslu og sölu matvæla í héraði (M.3)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Sjálfbærni (Á.11)
- Frumkvöðlar (Á.8)

Sveitarstjórnir
Mögulegir samstarfsaðilar: Beint frá býli, Samtök smáframleiðenda og hagaðilar á svæðinu

Sveitarfélög þrýsti á um breytingar fyrir 31.12.2025

15 MATVÆLASTUÐNINGUR

Framleiðendur matvæla, afurðir og sölustaðir kortlagðir og kynntir. Kortleggja mögulega aðstöðu til fullvinnslu afurða á svæðinu (vottuð eldhús) og gera aðstöðuna aðgengilega/kynna fyrir frumkvöðlum. Efna til samstarfsverkefna og matarhátíðar.

- Auka fullvinnslu og sölu matvæla í héraði (M.3)
- Núverandi rekstur (Á.10)
- Sjálfbærni (Á.11)
- Frumkvöðlar (Á.8)

Byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar atvinnumálanefndir, matvælaframleiðendur, veitingastaðir og aðrir hagaðilar

Kortlagningu lokið og hún innleidd í kynningaráætlun fyrir 1.4.2024
Samráðsfundur um matarhátíð fari fram fyrir 1.5.2024.



LOKAORÐ

Fjölmarginir komu að gerð atvinnumálastefnu Uppsveitanna og er þeim þökkuð þátttakan. Leitast var við að setja fram raunhæf markmið og að unnt verði að mæla framvindu. Stefnan er sett fram á einfaldan máta og til skamms tíma, en gert ráð fyrir árlegu stöðumati. Stefnan tekur mið af Sóknaráætlun Suðurlands.

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífi á undanförnum árum, atvinnusvæði stækkað, miklar tækniframfarir og störf án staðsetningar orðið til. Í vinnuferlinu kom meðal annars fram mikilvægi þess að auka fjölbreytni starfa á svæðinu, styðja við fyrirtæki og ungt fólk og taka vel á móti nýjum íbúum. Uppsveitirnar eru ríkar af náttúruauðlindum, sérstaðan er náttúra, orka og matvælaframleiðsla. Aðdráttarafl svæðisins er mikið gagnvart ferðamönnum en kynna þarf svæðið betur gagnvart nýjum íbúum og tækifærum. Tækifæri eru til staðar til uppbyggingar fjölbreytts atvinnulífs. Mikilvægt er að efla innviði og þar voru samgöngur títt nefndar, einkum almenningssamgöngur innan svæðis.

Ljóst er að bjartir tímar eru framundan í Uppsveitum Árnessýslu, mikil uppbygging er í gangi og fjölmörg spennandi verkefni í farvatninu. Í vinnu við atvinnumálastefnu kom fram að mikilvægt er að halda á lofti jákvæðri ímynd og miðla upplýsingum um þau gæði sem Uppsveitirnar hafa uppá að bjóða fyrir íbúa og fyrirtæki. Sveitirnar vaxi til framtíðar, en að uppbygging haldi í við þá þróun sem þarf að eiga sér stað.

HEIMILIDIR OG ÍTAREFNI

Umsjón með stefnumótun

Pórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS
Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita

Vinnuhópur með tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi

Bláskógabyggð: Steindóra Kristín Þorleifsdóttir og Sölvi Arnarsson
Grímsnes- og Grafningshreppur: Anna Katarzyna Wozniczka og Anna María Daníelsdóttir,
Hrunamannahreppur: Herbert Hauksson og Nina Faryna
Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Umsjón atvinnumálapings Uppsveita

Hafdís Huld Björnsdóttir www.rata.is

Uppsetning og útlit stefnu

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir fyrir SASS

Heimildir og ítarefni

Vefur Byggðastofnunar: www.byggdastofnun.is

Sóknaráætlun Suðurlands: www.sass.is/soknaraaetlun-sudurlands/soknaraaetlun

Handbók SASS um gerð atvinnustefnu fyrir sveitarfélög og svæði



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



BLÁSKÓGABYGGÐ



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



HRUNAMANNA-
HREPPUR



SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLU



